

Atli Harðarson

Getur kennari verið trúlaus? Samtal við Magnús Helgason

(Erindi flutt á Menntakviku 15. október 2021)

Í þessu erindi ræði ég tengsl trúar og fagmennsku kennara með hliðsjón af því sem Magnús Helgason og John Dewey skrifuðu um efnið á fyrri hluta síðustu aldar. Þeir voru nokkurn veginn samtímamenn, sá fyrrnefndi fæddist árið 1857 og sá síðarnefndi 1859.

Séra Magnús Helgason var fyrsti skólastjóri Kennaraskólans. Bók hans *Uppeldismál til leiðbeiningar barnakennurum og heimilum* kom út árið 1919. Margt af því sem hann sagði þar um starf kennara var samofið kristinni guðræði og trúarlegum sjónarmiðum.

Í bók sem kom út árið 1934 og heitir *A common faith* ræddi John Dewey tengsl trúarbragða og viðleitni til að bæta mannlífið. Hann áleit, líkt og Magnús, þörf fyrir hugsjónir af trúarlegu tagi og lotningu frammi fyrir því háleita og heilaga en sagði að allt þetta gætum við tileinkað okkur án þess að trúa beinlínis á neinn yfirnáttúrulegan veruleika. Skrif Deweys svöruðu kalli tímans þegar æ fleirum þótti sem eiginleg trúarbrögð hlytu að víkja með aukinni menntun og nútímalegri lífnaðarháttum. Magnús sagði hins vegar að góð viðleitni þyrfti á trú að halda og trúin væri aðalsmerki mannlegrar skynsemi (Magnús Helgason, 1919, bls. 80).

Magnús og Dewey gerðu báðir svipaðan greinarmun á trúarlegum kenningum um æðri veruleika og trúarlegri viðleitni. Í ljósi þessa greinarmunar getum við skipt spurningunni um þörf kennara fyrir trú í tvennt og spurt annars vegar hvort þeir þurfi að trúa á æðri veruleika og hins vegar hvort starf þeirra þarfnist trúarlegrar viðleitni. Til að svara þessari tvískiptu spurningu þurfum við bæði að átta okkur á hvað meint er með greinarmuninum á trúarlegum kenningum og annars konar skoðunum og hvað það þýðir að viðleitni sé trúarleg.

Trú og fagmennska kennara

Sumar skoðanir sem menn hafa eru trúarlegar og sumar eru veraldlegar. Ef einhver álitur til dæmis að skapari heimsins hlusti á bænir sínar þá hikum við ekki við að telja þá skoðun trúarlega. Vísindalegar kenningar og tilgátur eru hins vegar flestar veraldlegar og settar fram án vísunar í neinn yfirnáttúrulegan veruleika. Skilin milli trúarlegra sjónarmiða og veraldlegra eru samt langt frá því að vera skörp og ef til vill er hæpið að alhæfa mikið um þau.

Mér þykir trúlegt að það sé erfitt að lifa án þess að halda í ýmsar skoðanir sem ná út fyrir vísindaleg rök og eru einhvers staðar á milli trúarbragða og heilbrigðrar skynsemi. Í formála

bókar sinnar um einvíddarmanninn, *One-dimensional man*, sem út kom 1964, segir Herbert Marcuse (1964/2012) að öll gagnrýnin skoðun á samfélaginu geri fyrir fram ráð fyrir tveimur forsendum sem ekki verði rökstuddar. Önnur forsendan er að lífið sé þess virði að lifa því. Hin er að mögulegt sé að bæta það. Ég læt það liggja á milli hluta hvort sú skoðun að lífið sé einhvers virði sé af sauðahúsi eiginlegra trúarbragða en hún er að minnsta kosti ekki niðurstaða vísindalegra rannsókna.

Margar algengar skoðanir sem fólk aðhyllist og tengir ekki neinum skipulegum trúarbrögðum virðast vísa til veruleika sem er handan við þann heim sem vísindin lýsa. Sem dæmi má nefna skoðanir um mannréttindi og mannhelgi og um frjálstan vilja mannsins.

Við getum skoðað mannréttindi með aðferðum sagnfræði og félagsvísinda og lýst þeim sem afkvæmum sögu og siðar. En stór hluti af hugsun fólks um mannréttindi gerir samt ráð fyrir að þau séu algildur sannleikur, einhvern veginn heilög og hafin yfir karp og þref. Það er að minnsta kosti ekki augljóst að menn geti tekið mannréttindi alvarlega án þess að trúa því að þau séu eitthvað meira en félagsleg smíð og afsprengi valdsorðaskaks og málamiðlana.

Svipað má segja um trú fólks á frjálstan vilja, að maðurinn sé ekki ofurseldur lögmálum efnisheimsins. Þetta er trú sem fálmar út fyrir alla þá þekkingu sem vísindin færa okkur.

Til viðbótar við trúarlegar og hálftrúarlegar skoðanir er til trúarleg viðleitni. Hér er líka erfitt að draga skýr mörk. Gráu svæðin eru ansi stór en oft snýst slík viðleitni um hollustu við gildi sem eru tengd við einhvers konar helgi eða óeigingjarnar og háleitar hugsjónir. Stundum er sagt um menn sem skortir alla viðleitni af þessu tagi að þeim sé ekkert heilagt. Það þykir ekki góð umsögn. Við berum meiri virðingu fyrir þeim sem láta eigin hag víkja þegar eitthvað mikils vert er í húfi.

En hvernig tengist þetta starfi kennara? Hvernig er trúarleg viðleitni samofin fagmennsku stéttarinnar?

Ég ætla ekki að halda því fram að allir kennarar þurfi að sameinast um sömu hugsjónirnar. Samt er erfitt að ímynda sér góða kennslu án einhvers konar viðleitni sem er trúarleg í aðra röndina.

Fyrir suma helgast starfið ef til vill af virðingu fyrir mannréttindum eða tilfinningu fyrir því að þroski, velferð og frelsi hvers barns séu heilagri en nokkuð það sem verður metið til fjár. Aðrir láta ef til vill staðar numið við það lágmark sem Marcuse sagði að væri forsenda fyrir gagnrýnni skoðun á samfélaginu. Ég ætla ekki að leggja öðrum kennurum lífsreglur um þessi efni. Sjálfur hef ég reynt að líta svo á að allir nemendur búi yfir meiri möguleikum en birst hafa og að þessir

möguleikar séu mikilvægir. Ég hef líka reynt að hugsa, eins og Dewey gerði, að hamingjan sé einkum í því fólgin að reynast öðru fólki vel. Ég er hins vegar á báðum áttum um hvort þessi hugsun geti enst sem aflvaki góðra verka án neinna vona um að sannleikurinn um hvernig maður reynist öðrum sé skrifaður í lífsins bók og varðveittur utan og ofan við lygar og blekkingar heimsins.

Í sögu síðustu alda og árpúsunda er viðleitni af þessu tagi nátengd trú á æðri máttarvöld og yfirnáttúrulegan veruleika. Við getum til dæmis rakið samband mannréttinda við hugmyndir um að guð setji heiminum lög og að Kristur láti sér sérlega annt um sína minnstu bræður. En söguleg tengsl eru eitt og röktengsl annað. Við getum því spurt hvort trúarleg viðleitni kalli á trú á tilveru æðri veruleika.

Þeir Magnús Helgason og John Dewey voru á einu máli um mikilvægi viðleitninnar en gáfu andstæð svör við spurningum um þörf fyrir trúarlegar skoðanir.

Magnús og Dewey

Magnús Helgason brýndi fyrir kennurum að ætla börnum „að óreyndu aldrei annað en gott“ (1919, bls. 115) og miðla „hinni helgu speki hjartans“ (bls. 244). Hann sagði að vissulega þyrfti að kenna börnum þau hyggindi sem í hag komu en bætti því við ekki mætti einblína á veraldleg gæði heldur þyrfti kennari líka að „beina barnshuganum að fegurð, sannleika og gæsku, lífsins sanna auði og unaði, sem aldrei verður metinn til fjár. Hann þarf að eiga þá lífsskoðun sjálfur og reyna að sá til hennar í hjörtum barnanna“ (bls. 83). Magnús taldi að þessi viðleitni kennara þarfnaðist trúar á að upp af góðu fræi sprytti fyrr eða síðar eitthvað gott og ræddi í því sambandi um „trú sem kemur fram í því að vinna af alúð og öllum mætti og fela svo Guði kvíðalaust árangurinn“ (Magnús Helgason, 1934, bls. 109). Fagmennska stéttarinnar þurfti að hans mati á eiginlegum trúarbrögðum að halda.

Dewey (1934/2013) áleit hins vegar að trúarleg viðleitni gæti lifað án neinnar trúar á yfirnáttúrulegan veruleika. Hann benti jafnframt á að skipuleg trúarbrögð hindruðu fólk stundum í að upplifa trúarlegar víddir tilverunnar (Dewey, 1934/2013, bls. 9). Þessar trúarlegu víddir sagði Dewey (1934/2013, bls. 19) að menn gætu lagt rækt við sem hugsjónir án þess að ætla þeim tilvist, menn gætu til dæmis beitt sér fyrir réttlæti án þess að halda að það væri til sem hlutlægur veruleiki á undan viðleitni þeirra. Hann áleit trúarlega viðleitni einkennast af því að horfa af háum sjónarhóli (Dewey, 1934/2013, bls. 19) og menn hefðu tilhneigingu til að hugsa

sér að til væri einn sjónarhóll sem væri hafinn yfir allt annað – einn hugur sem allt vissi – og þannig yrði trúarleg viðleitni samofin kenningum um eitthvað yfirnáttúrulegt.

Dewey hélt fram veraldarhyggju og taldi að æðstu hugsjónir okkar væru sprottnar úr reynslu sem væri hluti af ríki náttúrunnar (Dewey, 1934/2013, bls. 44). Hann viðurkenndi þó að sú hugmynd væri lífseig að æðstu gildin í lífi okkar hefðu ljóma sem væri eins og ljós úr öðrum heimi (Dewey, 1934/2013, bls. 65).

Einn helsti kyndiberi verkhyggju og veraldarhyggju í anda Deweys nú um stundir er heimspekingurinn Philip Kitcher. Hann segir í bók sinni *Life after faith* sem út kom 2014 að trúarleg viðleitni á veraldlegum forsendum, eins og Dewey talaði fyrir, sé möguleg og að menn geti haldið sig við veraldlega og vísindalega hugsun án þess að nein gildi sem máli skipta fyrir gott líf fari forgörðum. Hann viðurkennir þó að þetta sé erfið vitsmunaleg jafnvægislist.

Þegar Dewey skrifaði um trúarlega viðleitni á veraldlegum forsendum fyrir hátt í einni öld töldu frjálslyndir menntamenn eins og hann gjarna að veraldarhyggja væri óhjákvæmilega í sókn og því þyrfti að umskipa því góða og gagnlega úr trúarbrögðunum yfir í farkost vísindalegrar hugsunar. Síðan hefur æði margt breyst. Eins og þýski félagsfræðingurinn Ulrich Beck (2010) skrifaði um í byrjun þessarar aldar vísun trú á æðri veruleika ekki fyrir menntun og nútímavæðingu. Þótt upphafsmenn félagsfræðinnar hafi álitnið að trúin hlyti að fara halloka fyrir veraldlegum þankagangi þá hefur það ekki gerst. Trúarbrögð nútímans eru ekki leifar af eldri hugsun. Þau eru eins mikið afsprengi nútímavæðingar eins og tónlist nútímans eða tækni nútímans og trúarleg viðleitni fjölda fólks styðst við trú á æðri veruleika nú sem fyrr. Ég veit ekki um neina ástæðu til að ætla að kennarar séu þar nein undantekning.

Lokaorð

Í ljósi greinarmunarins á trúarlegri viðleitni og trúarskoðunum getum við skipt spurningunni um hvort kennari geti verið trúlaus í tvennt, eins og ég hef gert grein fyrir, og spurt annars vegar hvort kennarar þurfi á trúarlegri viðleitni að halda og hins vegar hvort þeir þurfi að aðhyllast einhverjar trúarlegar skoðanir. Eins og fram hefur komið finnst mér sennilegt að svarið við fyrri spurningunni sé játandi. Sú seinni er snúnari. Svarið veltur líklega mest á því hvort kennarar geti réttlætt og viðhaldið trúarlegri viðleitni án þess að trúa neinu um æðri veruleika. Þessi spurning er nátengd ráðgátum um samband siðferðis og trúar sem Immanuel Kant var tvístígandi yfir við lok átjándu aldar.

Kennarar eru sundurleitir hópur. Vel má vera að hugsjónirnar sem hjálpa þeim að vaxa í starfi, virða mannhelgi og reynast nemendum sínum vel þarfnist í misjöfnum mæli trúar á yfirnáttúrulegan veruleika. Þetta getur verið breytilegt frá manni til manns. Svo getur líka verið að sumir komist hjá því að taka neina afstöðu með því einfaldlega að temja sér nægilegt hugsunarleysi. Ég geri samt ráð fyrir að meðal kennara sé stór hópur sem tengir trúarlega viðleitni við trú á æðri veruleika – hugsar eins og Magnús Helgason fremur en eins og John Dewey. Ef það sem Beck sagði um trúarbrögð í samtímanum er rétt þá er ekki útlit fyrir að þessi hópur hverfi í bráð. Þetta gefur tilefni til að spyrja hvort þörf sé að rökræða meira um tengsl fagmennsku og trúar og hvort slík rökræða eigi heima við kennaradeildir háskóla.

Rit

- Beck, Ulrich. (2010). *A God of one's own: Religion's capacity for peace and potential for violence*. Malden: Polity Press.
- Dewey, John. (2013). *A common faith (Terry Lectures)*. New Haven og London: Yale University Press (frumútgáfa 1934).
- Kitcher, Philip. (2014). *Life after faith: The case for secular humanism (The Terry Lectures Series)*. New Haven og London: Yale University Press.
- Magnús Helgason. (1919). Uppeldismál: Til leiðbeiningar barnakennurum og heimilum. Reykjavík: Gutenberg.
- Magnús Helgason. (1934). *Skólaræður og önnur erindi*. Reykjavík: Samband íslenskra barnakennara.
- Marcuse, Herbert. (2012). *One-dimensional man: Studies in the ideology of advanced industrial society*. London og New York: Routledge (frumútgáfa 1964).

Ágrip

Séra Magnús Helgason var fyrsti skólastjóri Kennaraskólans. Bók hans *Uppeldismál til leiðbeiningar barnakennurum og heimilum* kom út árið 1919. Sumt af því sem þar segir um starf kennara er samofið kristinni trú. Magnús brýndi meðal annars fyrir lesanda að ætla börnum „að óreyndu aldrei annað en gott“ og miðla „hinni helgu speki hjartans.“

Til samanburðar við sjónarmið Magnúsar skoða ég kenningar sem John Dewey reifaði í bókinni *A Common Faith* frá 1934. Dewey áleit, líkt og Magnús, þörf fyrir viðleitni af trúarlegu tagi en sagði að við gætum tileinkað okkur hana án þess að trúa á neinn yfirnáttúrulegan veruleika. Skrif Deweys svöruðu kalli tímans þegar æ fleirum þótti sem eiginleg trúarbrögð hlytu að víkja með aukinni menntun og nútímalegri lífnaðarháttum – þau væru leifar af eldri samfélagsgerð og fornum hugsunarhætti.

Í erindinu ræði ég tengsl fagmennsku kennara og háleitra hugsjóna í ljósi þess sem Magnús og Dewey skrifuðu á fyrri hluta síðustu aldar og velti fyrir mér hvert erindi rök þeirra eigi nú á 21. öldinni þegar trúarbrögð ganga í endurnýjun lífdaga. Ég reyni líka að átta mig á hvort ástæður séu til að ætla að kennarar þurfi á trú að halda og hvort rökræða um trúarleg efni eigi að vera hluti af menntun stéttarinnar.